

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆÐAKRÖFUR 2025

Almennt hafa gæðakröfur til hrámjólkur ekki tekið breytingum frá árinu 2021. Gæðakröfur til mjólkur eru all nokkrar en hér eru aðeins teknar fyrir þær kröfur er varða flokkun mjólkur, verðfellingar og gæðaálag.

Aðildarfélög SAM ákvarða sjálf flokkun og greiðslur vegna 1. flokks A, en samkvæmt búvörulögum ákveður verðlagsnefnd önnur flokkamörk og verðskerðingar.

Gildandi reglur verðlagsnefndar voru birtar í desember 2016:

Reglur nr 1210/2016 um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra.

Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og gæðaálag vegna gæðapátta 2025 koma fram í töflu 14.

Tafla 14: Flokkamörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur:

Gæðapáttur	Rannsóknartíðni	Flokkar	Mörk	Umbun og skerðing í % af lágmarksverði
Frumutala 1.000 frumur/ml	Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹	1A 1 2 3	<= 200 <= 400 > 400 og <= 500 > 500	+ 2% ² 0 -5% -18% ³
Líftala, Bactoscan 1.000 einingar/ml	Einu sinni í viku. Einstök mæling gildir nema í flokk 1A, þar gildir beint meðaltal hvers mánaðar ⁴	1A 1 2 3 4	<= 20 <= 80 > 80 og <= 200 > 200 og <= 500 > 500	+ 2% ² 0 -16% -36% -60%
Lyfjaleifar ⁵	Safnsýni af hverju bílhlassi er mælt og ef jákvætt er það rakið nánar til viðkomandi framleiðanda.	1A 1 2	Engar mælanlegar leifar Engar mælanlegar leifar Mælanlegar leifar	+ 2% ² 0 -60%
Fríar fitusýrur	Einu sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar	1A 1 2 3	<= 0,900 <= 0,900 > 0,900 og <= 1,600 > 1,600	+ 2% ² 0 -5% -15%

¹ Reiknað er faldmeðalal mánaðar vegna flokkunar.

² Innvigtud mjólk mánaðarins er A-mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% af lágmarksverði að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð, eða oftar, í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem á eftir koma í þriðja flokki, um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð, auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af lágmarksverði.